


Yfirfallstími í fráveitukerfum Veitna þegar óhreinsuðu skólpi var veitt í sjó

Árið 2019 var losun frárennslis um yfirföll á höfuðborgarsvæðinu innan viðmiðunarmarka sem Veitur hafa sett sér. Samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp er heimilt að miða við að ofanvatn fari um yfirföll allt að 5% af árinu eða þegar blandað skólp með hitaveitu- eða ofanvatni er a.m.k. í hlutföllum einn á móti fimm. Neyðarútrásir í Faxaskjóli, Ánanaustum, Skeljanesi og við Laugalæk voru virkar í innan við 1% af tíma ársins en markmið Veitna er að neyðarútrásir séu ekki virkar.

Losun um yfirföll á Höfuðborgarsvæðinu 2017-2019



Árið 2019 var losun frárennslis um yfirföll á Vesturlandi innan viðmiðunarmarka sem Veitur hafa sett sér. Samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp er heimilt að miða við að ofanvatn fari um yfirföll allt að 5% af árinu eða þegar blandað skólp með hitaveitu- eða ofanvatni er a.m.k. í hlutföllum einn á móti fimm. Neyðarútrásir á Vesturlandi voru ekki virkar á árinu.

Losun um yfirföll á Vesturlandi 2019

